Þjóðmálastofnun
Háskóla Íslands
Fréttabréf nr. 11 2010

Aukinn ójöfnuður tekna 1995-2007 og umskiptin 2008-9

Greining á þróun tekjuskiptingarinnar

eftir
Stefán Ólafsson og Arnald Sölva Kristjánsson

Á Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands hefur um hríð verið unnið að ítarlegri úttekt á þróun tekjuskiptingarinnar á Íslandi frá 1993 til samtímans. Skoðuð er þróun allra tekjuþátta (atvinnutekna, allra tegunda fjármagnstekna, lífeyris og bóta) og að auki er tekið tillit til áhrifa skatta. Eftir að Ríkisskattstjóri birti nýlega niðurstöður álagningar fyrir tekjuárið 2009 er fróðlegt að skoða tekjuskiptinguna á því ári í samanburði við fyrri ár. Í þessu fréttabréfi er því spurt um áhrif kreppunnar og stefnubreytingar í skatta- og bótamálum á tekjuskiptinguna í samfélaginu.

Niðurstöðurnar sýna að ójöfnuður í tekjum hjóna og sambúðarfólks jókst afar mikið á tímabilinu frá 1995 til 2007. Þróunin færðist í aukana eftir 2001 og gætti þá með vaxandi þunga áhrifa aukinna fjármagnstekna í tekjuhærri hópum. Frá 1995 til 2004 var aukning ójafnaðarins þó umtalsvert meiri á Íslandi en í öðrum OECD löndum. Tekjuójöfnuður flestra tekjuþátta jókst og skattastefnan bætti svo um betur og jók ójöfnuðinn enn frekar. Á árunum 2008 og 2009 snérist þróunin hins vegar við og tekjuskiptingin varð aftur jafnari.

Hlutur tekjuhæstu fjölskyldna (hæstu10% heimila) af heildartekjum allra fjölskyldna fór úr 19% árið 1995 í rúm 40% 2007 en hafði svo lækkað í rúm 25% árið 2009. Hlutur tekjuhæsta 1% fjölskyldnanna fór úr 3,3% 1995 í 21% árið 2007 og lækkaði svo í 8% árið 2009. Þetta eru því afar miklar breytingar á tekjuskiptingunni árin 2008-9. Lækkun fjármagnstekna og breytt skattastefna vógu mest í þessum umsnúningi, en einnig gætti áhrifa af minni kaupmáttarlækkun lægstu launa, lífeyrisgreiðslna og bóta.

Þróun tekjuójafnaðar – Gini ójafnaðarstuðlar

Á mynd 1 er sýnd yfirlitsmynd um þróun ójafnaðar í dreifingu ráðstöfunartekna fjölskyldna, með svokölluðum Gini stuðlum.



Mynd 1. Ójöfnuður í dreifingu ráðstöfunartekna hjóna og sambúðarfólks, 1993 til 2009. Gini stuðlar fyrir tvö tekjuhugtök. (Heimildir: Ríkisskattstjóraembættið og Hagstofa Íslands).

Þjóðmálastofnun *er sjálfstæð rannsóknarstofnun við Háskóla Íslands.*
Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði velferðar, vinnu og þjóðfélagsmála.
Forstöðumaður er Stefán Ólafsson prófessor og er hann ábyrgðarmaður fréttabréfsins (www.ts.hi.is).

Gini stuðullinn hreyfist frá 0 til 1 og því hærri sem hann er þeim mun ójafnari er tekjuskiptingin. Útkomur eru breytilegar eftir því hvaða tekjuþáttur er skoðaður. Á Vesturlöndum er yfirleitt miðað við ráðstöfunartekjur í rannsóknum á tekjuskiptingu og fátækt, en ráðstöfunartekjur eru þær tekjur sem endanlega koma í hlut fjölskyldnanna (allar tekjur og bætur að frádregnum beinum sköttum). Á myndinni eru sýndar tvær mælingar á ráðstöfunartekjum, annars vegar eru allar tekjur meðtaldar (svörtu súlurnar) og hins vegar er sleppt úr fjármagnstekjum söluhagnaði vegna eigna (hlutabréfa og annarra eigna), sem var oft meira en helmingur fjármagnstekna fyrir hrun.

Áður hefur komið fram að tekjuskiptingin á Íslandi varð verulega ójafnari á tímabilinu eftir 1995 (sjá skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ 2001, greinar Stefáns Ólafssonar 2006a og 2006b, greinar Arnaldar Sölva Kristjánssonar og Stefáns Ólafssonar 2009 og 2010, skýrslu fjármálaráðuneytisins 2008 og stöðuskýrslu Hagfræðistofnunar og Félagsvísindastofnunar 2009).

Mynd 1 gefur gott yfirlit um þessa þróun með tveimur mælingum. Svörtu súlurnar gefa heildstæðasta mynd af breyttri dreifingu ráðstöfunartekna, því þar eru allar tekjur og bætur taldar með. Þar má sjá að Gini stuðullinn hækkaði að jafnaði um eitt stig á ári frá 1995 til 2004, samtals um 48% aukning ójafnaðar á því tímabili. OECD (2008) hafa það viðmið að telja hækkun Gini stuðulsins umfram 12% á 10 ára tímabili sem “mikla aukningu á ójöfnuði”. Aukningi á Íslandi var fjórum sinnum meiri en það viðmið og er þessi þróun án fordæma meðal aðildarríkja OECD á síðustu áratugum. Ef miðað er við ljósu súlurnar (þar sem rúmum helmingi fjármagnstekna er sleppt) þá er aukningin á Íslandi frá 1995 til 2004 um 25%, eða ríflega tvöfalt ofangreint viðmið OECD.

Frá 2005 til 2007 tók ójöfnuðurinn síðan stórt stökk upp á við, í ofþenslu bóluhagkerfisins. Munurinn á ljósu og dökku súlunum á mynd 1 sýnir almennt mikilvægi fjármagnstekna fyrir ójöfnuð í skiptingu teknanna. Fjármagnstekjur koma í mun meiri mæli til fólks í hærri tekjuhópum, en þeirra fór að gæta í auknum mæli eftir að hinn nýi fjármagnstekjuskattur var innleiddur hér á landi og hutabréfamarkaðurinn fór að skila auknum eignatekjum (eftir 1999). Þessi áhrif fóru síðan stigmagnandi í bóluhagkerfinu, allt fram að hrunárinu 2008 (sjá ítarlega greiningu á samband ójafnaðar og bóluhagkerfisins í grein Stefáns Ólafssonar og Arnaldar Sölva Kristjánssonar hjá Luxembourg Incomes Study, sumarið 2010).

Ef litið er á aukningu ójafnaðarins fyrir allar tekjur (svörtu súlurnar) á öllu tímabilinu frá 1993 til 2007 þá er aukningin 105%, en um 53% ef söluhagnaði er sleppt (ljósu súlurnar). Aukning ójafnaðarins á Íslandi á tímabilinu er því mjög mikil á alla venjulega mælikvarða.

Umskiptin 2008-9 eru síðan mjög athyglisverð því þau eru einnig mjög mikill. Þannig lækkaði Gini stuðullinn fyrir allar tekjur úr 0,43 í 0,34 árið 2008 og svo í 0,29 árið 2009. Hann var þá orðinn svipaður og verið hafði 2002-3. Ójöfnuðurinn án söluhagnaðar lækkaði úr 0,29 í um 0,27 og var hann svipaður og verið hafði árið 2005 (í þeir tölum er notað svipað tekjuhugtak og er í samanburði Evrópusambandsins, sem Hagstofa Íslands hefur tekið þátt í frá 2003). Vegna óvenjumikilla áhrifa af fjármagnstekjum á Íslandi í bóluhagkerfinu eftir 2003 er ljóst að umfang tekjuójafnaðarins á síðustu 5 árunum fyrir hrun er vanmetið í milliríkjasamanburði Hagstofunnar og Eurostat (sjá skýrslu Hagstofunnar 2010).

Hlutdeild einstakra tekjuhópa af heildartekjum heimila 1995 til 2009

Tafla 1 sýnir umbreytingar tekjuskiptingarinnar á annan hátt en Gini stuðlarnir. Þar er sýnt hvernig hlutdeild einstakra tekjuhópa af heildatekjum fjölskyldna breyttist á tímabilinu 1995 til 2009. Niðurstöðurnar eru sýndar fyrir 10 jafn stóra tekjuhópa, frá þeim tekjulægstu (hópur I) til hinna tekjuhæstu (hópur X). Öllum fjölskyldum er raðað frá hinum tekjulægstu til hinna tekjuhæstu og samanstendur hver hópur af 10% fjölskyldna. Að auki er birt í töflunni tekjuhlutdeild hæsta 1% fjölskyldna (neðsta línan í töflunni). Þannig má glögglega sjá hvernig hlutur ólíkra tekjuhópa breyttist á tímabilinu.

Tekjuhópar:	1995	1997	1999	2001	2003	2005	2007	2009
I - Tekjulægstu 10% heimila	4.6	4.5	4.2	4.1	3.9	3.5	3.0	4.0
II	6.3	6.1	5.7	5.5	5.3	4.8	4.2	5.5
III	7.3	7.1	6.8	6.6	6.3	5.8	5.1	6.4
IV	8.1	8.0	7.8	7.5	7.2	6.6	5.8	7.3
V - Meðaltekjur	8.9	8.8	8.6	8.4	8.0	7.3	6.5	8.1
VI - Meðaltekjur	9.7	9.6	9.5	9.2	8.8	8.1	7.2	9.0
VII	10.7	10.5	10.4	10.2	9.8	9.0	8.0	9.9
VIII	11.8	11.7	11.7	11.4	10.9	10.2	9.1	11.2
IX	13.6	13.4	13.7	13.3	12.8	12.1	11.1	13.1
X - Tekjuhæstu 10% heimila	18.9	20.1	21.6	24.0	27.1	32.8	40.1	25.5
Tekjuhæsta 1% heimila	3.3	4.1	4.7	7.7	10.9	15.1	21.1	8.0

Tafla 1: Hlutdeild einstakra tekjuhópa af heildartekjum heimila, 1995 til 2009. Ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks (allar tekjur meðtaldar), eftir skatta og bætur. (Heimild: Ríkisskattstjóraembættið).

Lágtekjufólk (hópur I) hafði 4,6% heildartekna fjölskyldna árið 1995 en hlutur þess hafði minnkað í 3,0% árið 2007, þegar ójöfnuðurinn náði hámarki. Sömu sögu er að segja um aðra sem voru í lægri

Þjóðmálastofnun *er sjálfstæð rannsóknarstofnun við Háskóla Íslands.*
Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði velferðar, vinnu og þjóðfélagsmála.
Forstöðumaður er Stefán Ólafsson prófessor og er hann ábyrgðarmaður fréttabréfsins (www.ts.hi.is).

eða meðaltekjuhópum, hlutdeild þeirra af heildartekjum lækkaði til 2007. Lægri miðtekjuhópurinn (hópur V) lækkaði t.d. úr 8,9% í 6,5% heildartekna og sá efri (hópur VI) lækkaði úr 9,7% í 7,2% árið 2007.

Á hinn bóginn jókst hlutur tekjuhæsta hópsins (hópur X) úr 18,9% árið 1995 í 40,1% af heildartekjum fjölskyldna árið 2007. Samanlögð tekjuhlutdeild hópa I til IX (90% fjölskyldna), þ.e. annarra en hæstu 10% fjölskyldnanna, fór úr um 81% niður í tæp 60%. Þetta eru ráðstöfunartekjur að frádregnum sköttum, þar sem allar tekjur eru meðtaldar.

Ef síðan er litið á allra tekjuhæsta hópinn, þ.e. efsta 1% fjölskyldna, þá fór hlutur þeirra af heildartekjum fjölskyldna í landinu úr 3,3% árið 1995 í 21,1% árið 2007. Ef sú þróun sem hér var á árunum fyrir hrun hefði haldið áfram í einungis nokkur misseri í viðbót -og ef ekki hefði komið til hrunsins- hefði Ísland verið komið með tekjuskiptingu sem hefði verið orðin álíka ójöfn og tekjuskiptingin í Bandaríkjunum (Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson 2009).

Tekjuhlutdeild efsta 1% heimila í Bandaríkjunum hækkaði úr 15% árið 1995 í um 24% árið 2007 og lækkaði svo í 21% árið 2008 (sjá gögn á heimasíðu Emanuel Saez, http://elsa.berkeley.edu/~saez/). Aukning ójafnðarins 1995-2007 varð þannig mun meiri á Íslandi en í Bandaríkjunum og umskiptin frá 2008 voru einnig meiri á Íslandi.

En þróunin stöðvaðist og hrunið reið yfir og með því snéri ójafnaðarþróunin við. Tekjuhlutdeild lægsta tekjuhópsins fór úr 3% í um 4% 2009 og varð svipuð og verið hafði árið 2002. Tekjuhlutdeild miðtekjuhópanna fór sömuleiðis aftur til þess sem verið hafði árið 2002 og hæstu 10% fjölskyldna fóru úr um 40% í 25,5% heildartekna árið 2009. Efsta 1% fjölskyldna lækkaði hlut sinn úr 21,1% í 8,0% og er lækkunin þar sú mesta. Tekjuhlutdeild þess hóps fór einnig aftur til þess sem verið hafði fyrri hluta árs 2002. Það er því fjarri lagi að ójafnaðaraukningin sem varð frá 1995 hafi að fullu gengið til baka, en á hana hefur engu að síður saxast verulega.

Í næst síðasta Fréttabréfi Þjóðmálastofnunar (nr. 9) voru nefndar skýringar á þessari breytingu á tekjuþróuninni. Mikil aukning fjármagnstekna vóg mest í aukningu ójafnaðar á uppsveiflu ójafnaðarins og skattastefnan vóg næst mest (lækkuð skattbyrði hærri tekjuhópa og hækkuð skattbyrði lægri tekjuhópa). Þá drógust barnabætur og vaxtabætur saman, en þeir tekjuliðir koma alla jafna í meiri mæli til fólks í lægri- og millitekjuhópum. Umsnúningur varð á þessum þáttum frá 2008, bæði dró verulega úr fjármagnstekjum og skattastefnunni var gjörbreytt, þannig að hún jafnaði tekjuskiptinguna meira en verið hafði næstu árin á undan. Einnig hækkuðu barnabætur, vaxtabætur og lífeyristekjur, ásamt allra lægstu launum, eftir að út í kreppuna var komið.

Það eru því bæði ríkisvaldið og markaðurinn sem hafa átt sinn þátt í þessum umskiptum í þróun tekjuskiptingarinnar 2008-2009, sem og á tímabilinu 1995 til 2007.

Ívitnuð ritverk:

Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson (2009), “Heimur hátekjuhópanna – Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993 til 2007”, í *Stjórnmál og stjórnsýsla*, árg. 5, nr. 1, bls. 93-121.

Ásgeir Jónsson o.fl. (2001), *Tekjuskiptingin á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun HÍ.

Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun HÍ (2009), *Ísland 2009 – Stöðuskýrsla* (unnin fyrir forsætisráðuneytið).

Friðrik Már Baldursson o.fl. (2008), “Íslenska skattkerfið – Samkeppnishæfni og skilvirkni”; skýrsla nefndar fjármálaráðherra.

Hagstofa Íslands (2010), “Lágtekjumörk og tekjudreifing 2004-2009”. Hagtíðindi, 2010:4.

OECD (2008), *Growing Unequal?* París: OECD.

Stefán Ólafsson (2006a), “Aukinn ójöfnuður á Íslandi: Áhrif stjórnmála og markaðar í fjölþjóðlegum samanburði”, í *Stjórnmál og stjórnsýsla*, árg. 2, nr. 2, bls. 129-156.

Stefán Ólafsson (2006b), “Breytt tekjuskipting Íslendinga: Greining á þróun fjölskyldutekna 1996 til 2004”, í *Rannsóknir í félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, bls. 173-188.

Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2010), “Income Inequality in a Bubble Economy: The Case of Iceland 1992 to 2008”. Rannsóknarritgerð sem kynnt var á alþjóðlegri ráðstefnu Luxembourg Incomes Study (LIS) hópsins 28-30. júní 2010 (verður birt í bók á vegum LIS vorið 2011).

Frekari upplýsingar veita höfundar, netfang olafsson@hi.is og ask7@hi.is.